

Ed.

289. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 85 22. nóv. 1907, um brunamál.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Aftan við 13. gr. laganna bætist: Sérstaklega ber að gæta hinnar ýtrustu varúðar um meðferð kertaljósa á jólatrjám og ljósa eða elds í kringum þau.

2. gr.

Aftan við 14. gr. bætist tvær nýjar málsg., svo hljóðandi:

Bannað er að halda opinberar jólatréssamkomur nema leyfi lögreglustjóra eða hreppstjóra komi til. Má ekki halda þær í öðrum húsum en þeim, sem teljast vel útbúin til þess, meðal annars um útbúnað dýra og annara skilyrða til útgöngu.

Atvinnumálaráðherra getur í reglugerð sett ákvæði um varúðarráðstafanir gegn eldsvoða, einkum þar, sem sérstök eldhætta er, svo sem í leikhúsum, á opinberum jólatréssamkomum og þar, sem jólatré með kertaljósum annars eru notuð, hvort sem er á samkomum eða í heimahúsum. Í reglugerð þessari má ákveða, að sérstakt eftirlit skuli haft með opinberum leiksýningum og jólatrésskemmtunum að því er tekur til eldhættu. Í reglugerðinni má setja nánari reglur um útbúnað dýra og önnur skilyrði til útgöngu úr leikhúsum og sam-

komuhúsum, ef eldsvoða ber að höndum. Ber þá að taka sérstakt tillit til þess, hvort húsin sjálf eru úr timbri eða úr óeldfimu efni.

3. gr.

21. gr. laganna orðist þannig:

Hver sá, sem brýtur ákvæði 13. - 20. greinar, eða reglugerðar, sem sett kynni að verða samkvæmt þeim, skal sæta frá 5 -1000 króna sektum, jafnvel þótt ekkert tjón hafi af brotinu hlotizt.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir tilmælum atvinnumálaráðherra, og fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

Hingað til hafa engin sérstök ákvæði verið í lögum um varúðarráðstafanir um meðferð jólatrjáa, hvorki á opinberum samkomum né í heimahúsum, og er það þó ekki svo sjaldgæft, að hlotizt hafi slys af því, að farið hafi verið ógætilega með eld nálægt þeim, en jólatré eru, eins og kunnugt er, mjög eldfim, einkum þegar þau hafa staðið lengi inni í stofuhita og þornað þar og skrælnað. Ern fá ár síðan hús brann á gamlaárskvöld í Reykjavík af því að kviknaði í þurru jólatré, og um síðastliðin áramót brann samkomuhús í Keflavík og varð manntjón að, svo sem mönnum mun í fersku minni. Brunabótafélag Íslands hafði áður en það slys vildi til reynt að vekja athygli manna á og vara við þeirri brunahættu, sem stafar af ógætilegri meðferð elds og kertaljósa í nánd við jólatré, en svo virðist sem þeim aðvörunum hafi ekki verið sá gaumur gefinn sem skyldi, og að minnsta kosti hefir það ekki verið gert í Keflavík, þar sem af jólatré hlautz hinn hrapallegasti eldsvoði, sem orðið hefir hér á landi á síðari tímum.

Það verður að teljast mikil þörf á því að setja ákvæði um meiri varúð um meðferð jólatrjáa en hingað til hefir átt sér stað. En jafnframt er full ástæða til að setja ákvæði um varúðarráðstafanir í leikhúsum og öðrum samkomuhúsum, þar sem eldhætta er, og er sú heimild veitt í 2. gr. frumvarpsins.

Sektirnar eru 2—100 kr. nú, en ástæða þykir til, vegna breytts peninga-verðmætis, að hækka þær í 5- 1000 kr.